

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 134/2012****2012/EES/63/12****frá 13. júlí 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 72/2010 frá 26. janúar 2010 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana á vegum framkvæmdastjórnarinnar á sviði flugverndar ⁽²⁾ var felld inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2010 ⁽³⁾.
- 3) Til þess að tryggja einsleita beitingu reglugerðar (ESB) nr. 72/2010 á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, ber að breyta XIII. viðauka til að greiða fyrir samstarfi milli framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði liðar 66hc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 72/2010) í XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Núverandi aðlögunarliður verði endurtölusettur sem aðlögunarliður a).
2. Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarlið a):

„b) Eftirfarandi bætist við í 2. mgr. 6. gr.:

„Við eftirlit er framkvæmdastjórninni heimilt að kalla til úttektarmenn einstakra landa samkvæmt skrá EFTA-rikkanna og Eftirlitsstofnun EFTA að kalla til úttektarmenn einstakra landa samkvæmt skrá aðildarríkja Evrópusambandsins.

Framkvæmdastjórninni og Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að bjóða hvor annarri þátttöku í eftirliti sem athuganda.““““

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 31.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.